

**10. fundur Ungmennaráði Fjallabyggðar
haldinn í Ráðhúsi Fjallabyggðar, Gránugötu 24, Siglufirði
9. desember 2015 og hófst hann kl. 16:30.**

Fundinn sátu:

Haukur Orri Kristjánsson, aðalmaður ungmennaráðs
Óskar Helgi Ingvason, aðalmaður ungmennaráðs
Vaka Rán Þórisdóttir, aðalmaður ungmennaráðs
Tinna Kristjánsdóttir, aðalmaður ungmennaráðs
Anna Día Baldvinsdóttir, aðalmaður ungmennaráðs
Haukur Sigurðsson, íþrótt- og tómsfundafulltrúi

Fundargerð ritaði: Haukur Sigurðsson, íþrótt- og tómsfundafulltrúi.

Fyrir var tekið:

1. 1511003 - Framtíðarhúsnæði Neon

Ungmennaráð felur íþrótt- og tómsfundafulltrúa að setja saman könnun á húsnæði Félagsmiðstöðvar í samráði við Ungmennaráð.

2. 1505058 - Almenningsamgöngur milli byggðakjarna

Ungmennaráð mælist að fjölga ferðum á milli byggðakjarna með minni bíl og einnig verði hugað að ferðum um helgar.
Einnig mælist ungmennaráð til að mokað verði frá biðskýlum svo að hægt sé að fara inn í þau.

3. 1511060 - Áhöld í íþróttahús

Ungmennaráð vill að farið verði af alvöru í endurnýjun tækja í tækjasölum Fjallabyggðar.
Ungmennaráð felur íþrótt- og tómsfundafulltrúa að athuga með vír í cabelcross vél og önnur tæki.
Einnig bendir ráðið á að það vanti kennsluáhöld í íþóttasal.

4. 1203046 - Umgengnisreglur á sparkvöllum Fjallabyggðar

Ungmennaráð felur íþrótt- og tómsfundafulltrúa að láta útbúa skilti með umgengnisreglum og einnig skilti sem banna reykingar á svæðinu.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30.